

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	KAL192 Kennsluáætlun vorönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Snorri Björnsson	Sk.st.	SNO
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Í áfanganum Lífstíll og karlmennska KAL 192 verða hugtökin karlmennska og lífstíll skoðuð. Er til sérstök karlamenning? Skoðað verður viðhorf karla til ofbeldis, kláms, stríðs, barneigna, foreldraorlofs og uppeldis svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður nemendum kynnt mikilvægi þess að hlúa að sjálfum sér, fjallað verður um almenna umhirðu líkamans, daglegt hreinlæti, líkamspjálfun og næringu. Fjallað verður um val nemanda varðandi lífsstíl, s.s. markmið menntunar, mataræði, áhugamál, starfsvettvang, menningu og listir.

Markmið:

- Að nemendur kynnist hugtakinu karlmennska og velti fyrir sér stöðu karla í samfélaginu.
- Að nemendur öðlist aukið sjálftraust, bæði hvað varðar framkomu og útlit.
- Að nemendur átti sig á að val þeirra í lífinu hefur áhrif á samfélagið.
- Að nemendur kynnist mikilvægi mataræðis, hvíldar, hreyfingar og hreinlætis sem hluta af heilbrigðu lífi.

Námsgögn: Ljósrit og annað efni frá kennara.

Verkefni: Á önninni verða unnin þó nokkur smærri verkefni bæði í tímum og utan. Áfanginn er með Moodle síðu þar sem m.a. verða unnin spjallrásarverkefni. Einnig verður a.m.k. eitt stærra verkefni unnið á önninni. Ekkert lokapróf er í þessum áfanga, því er mikilvægt að nemendur vinni samviskusamlega að verkefnum, mæti vel og séu virkir í tímum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	KAL192 Kennsluáætlun vorönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 3		

Áætlun um yfirferð: Birt með fyrirvara um breytingar.

Vika 2	Kynning á áfanganum, kennsluáætlun afhent. Umræður um efni áfangans.	Verkefni
Vikur 3 – 4	Karlamenning. Umræður og verkefni.	Spjallrásarverkefni Tímaverkefni
Vikur 5 – 6	Fjölmiðlar. Viðhorf til karla. Kvikmyndir	Verkefni
Vikur 7 – 8	Tíska, útlit, umhirða og framkoma. Vetrarfrí	Spjallrásarverkefni
Vikur 9 – 10	Námsval, atvinna, jafnrétti.	Verkefni
Vikur 11 – 12	Opnir dagar -tími fellur því niður 20. mars. Feðrahlutverkið.	Spjallrásarverkefni
Vika 13	Samskipti kynjanna, jafnrétti, klám.	Spjallrásarverkefni
Vikur 14	Páskafrí	
Vika 15-16	Páskafrí 10. apríl. Samskipti kynjanna, jafnrétti, klám. Sumardagurinn fyrsti 19. apríl, tími fellur niður.	Verkefni
Vika 17	Fyrirmyndir karla og karlar sem fyrirmyndir.	Verkefni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	KAL192 Kennsluáætlun vorönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Mætingar	Fjórðungur námsmats miðast við mætingar sem metnar eru út frá eftirfarandi kvarða: 98-100% eink. 10 95-97,9% eink. 9 92-94,9% eink. 8 89-91,9% eink. 7 85-88,9% eink. 6 81-84,9% eink. 5 75-79,9% eink. 4 Minna en 75% eink.0	25%
Virgni í tímum	Fjórðungur námsmats miðast við að nemandi taki þátt í tímum, myndi sér skoðanir og sýni kurteisi.	25%
Námsmappa	Fjörutíu prósent námsmats ræðst af námsmöppu sem nemendur halda sjálfir utan um og inniheldur öll verkefni (fyrir utan spjallrásarverkefni) og dreifildi annarinnar auk kennsluáætlunar.	40%
Sjálfsmat	Nemendur meta sjálfir frammistöðu sína í tímum	10%

Annað: Notkun farsíma er óheimil í kennslustundum og fartölvur nemenda eru aðeins til notkunar við vinnu áfangans og þá aðeins með leyfi kennara.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils